

Lýðræði og leikandi líf!

Íbúáping og gleði í Súðavíkurbreppi, helgina 17. – 19. nóvember

Hvernig viljum við sjá byggð og samfélag, þróast í Súðavíkurbreppi á næstu árum?
Hver eru tækifærin og hvers þarf að gæta?

Til að ræða málin og horfa til framtíðar, býður sveitarstjórn til tveggja daga íbúáþings 18. – 19. nóvember. Ekki nóg með það, heldur verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá alla helgina, þar sem fléttast saman **samvinna, félagslíf, gleði, sameiginlegar og andstæðar** hugmyndir og **ástríða** fyrir sveitarfélaginu.

Til umræðu er allt það sem þátttakendur vilja ræða, staða og framtíð byggðar í Súðavíkurbreppi; atvinnumál, umhverfismál og málefni samfélagsins. Fyrirkomulagið er þannig að þátttakendur sjálfir móta dagskrána. Fyrri daginn eru dregnar fram hugmyndir, þær vegnar og metnar og síðari daginn er gengið frá forgangsröðun verkefna og aðgerðaáætlunum.

Afrakstur þingsins verður m.a. nýttur við gerð aðalskipulags fyrir Súðavíkurbrepps.

Umsjón með þinginu hefur Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf í samstarfi við starfsmenn Verkis sem vinna við aðalskipulagið og verða á staðnum.

Íbúar og eigendur sumarhúsa eru sérstaklega hvattir til að mæta.

Ekki þarf að skrá þátttöku og allir geta verið með, líka þeir sem ekki geta verið allan tímann.

Tilgangur þingsins er að heyra hugmyndir ykkar varðandi stöðu og þróun Súðavíkurbrepps. Það er allt undir sem þátttakendur vilja ræða; umhverfi, samfélag og atvinnulíf.

Þær hugmyndir sem eiga heima í aðalskipulagi, verða nýttar við þá aðalskipulagsvinnu sem nú er í gangi.

Starfandi er skipulagshópur íbúa og hagsmunaaðila sem tekur þátt í vinnunni við gerð aðalskipulags. Hópurinn mun tryggja að skilaboð frá íbúáþingi hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í aðalskipulagsvinnunni.

Aðrar hugmyndir mun sveitarstjórn hafa til hliðsjónar í sínum ákvörðunum eða koma á framfæri við aðra, eftir því sem við á. Þá er hugsanlegt að íbúar vilji sjálfir taka boltann og vinna að einhverjum málum áfram.

Sagt verður frá hvernig afrakstur þingsins hefur verið nýttur, m.a. í kynningu á skipulaginu.

Íbúáþing!

í Samkomuhúsinu

Laugardag 18. nóv. kl. 11.00—16.15 og sunnudag 19. nóv. kl. 11.00—
15.15



Dagskrá helgarinnar, snú >

Lýðræði og leikandi líf!

Íbúæping og gleði í Súðavíkurbreppi, helgina 17. – 19. nóvember

Dagskrá helgarinnar

Föstudagur 17. nóvember

Kl. 18.00 Pizzuhlaðborð á Jóni Indíafara

Kl. 20.00 Barnadiskótek í skólanum, undir stjórn unglínganna í félagsmiðstöðinni

Laugardagur 18. nóvember

Kl. 11.00 – 16.15 Íbúæping í Samkomuhúsinu, sjá nánar á hinni hliðinni

Kl. 18.00 – 23:30 Kótilettu og sagnakvöld í Samkomuhúsinu. Verð fyrir mat kr. 2.500

- Veislustjóri verður Dóri Draumur!
- Dansleikur með stórhljómsveit Árna Þorgilssonar eftir borðhald. **Fritt inn!**

Sunnudagur 19. nóvember

Kl. 11.00 – 15.15 Íbúæping í Samkomuhúsinu, sjá nánar á hinni hliðinni

Kl. 15.15 Kaffiboð fyrir þínggesti

Til íbúa í Inndjúpi!

Boðið verður upp á ferðir úr Inndjúpinu, fyrir íbúa.

Hægt er að panta gistingu í gistiheimilinu á Langeyri á góðum afslætti fyrir íbúa Inndjúpsins.

Hafið samband við skrifstofu Súðavíkurbrepps vegna ferðar og gistingar.

sudavik@sudavik.is, sími 450 5900

Sjá nánar á www.sudavik.is